ákvæði um ákvarðanir í framhaldi af almennri atkvæðagreiðslu og gilda um fyrri tillögu.

4. Fyrir 1. júní 1993 skal félagsmálaráðherra skipa sérstaka samráðsnefnd um sameiningarmál sveitarfélaga. Starfstími nefndarinnar er til ársloka 1994. Samráðsnefndin skal skipuð fulltrúum tilnefndum af þingflokkum á Alþingi, Byggðastofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneyti. Nefndin skal m.a. vera umdæmanefndum til ráðuneytis.
5. Kostnaður við störf umdæmanefnda og samráðsnefndar skal greiddur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en kostnaður við atkvæðagreiðslur skal greiddur af viðkomandi sveitarfélögum.
6. Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd bráðabirgðaákvæðis þessa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

19. maí 1993 Nr. 76

LÖG

um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála skal vera sjálfstæð vísindaleg stofnun er heyrir undir menntamálaráðherra.

2. gr.

Stofnunin skiptist í tvær deildir, rannsókna- og þróunardeild og prófa- og matsdeild.

3. gr.

Helstu verkefni rannsókna- og þróunardeildar eru:

1. Vinna að rannsóknum á sviði uppeldis- og menntamála með sérstakri áherslu á verkefni er haft geta hagnýta og/eða fræðilega þýðingu fyrir uppeldis- og menntamál í landinu.
2. Veita faglega ráðgjöf um rannsóknir og þróunarverkefni á sviði uppeldis- og menntamála.

3. Veita kennurum, kennaraefnum og háskólastúdentum í framhaldsnámi á sviði uppeldis- og menntamála þjálfun og ráðgjöf í fræðilegum vinnubrögðum eftir því sem aðstæður leyfa.
4. Kynna íslenskar og erlendar rannsóknir á sviði uppeldis- og menntamála.

4. gr.

Helstu verkefni prófa- og matsdeildar eru:

1. Sjá um samningu og úrvinnslu samræmdra prófa og könnunarprófa. Kennarar skulu taka þátt í prófagerð.
2. Hafa umsjón með mati á úrlausnum slíkra prófa, sérstaklega lokaprófs viðkomandi skólastigs.
3. Sjá um mat á skólastarfi. Niðurstöður slíks mats skal birta opinberlega að jafnaði á fjögurra ára fresti.
4. Ráðgjöf til menntamálaráðherra um aðalnámsskrá grunnskóla og námsskrá framhaldsskóla ef þurfa þykir í ljósi mats stofnunarinnar á starfi skólanna og þróunar í skólastarfi.

5. gr.

Starfi stofnunarinnar stýrir forstöðumaður, ráðinn til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal uppfylla þær hæfniskröfur sem gerðar eru til prófessora við Háskóla Íslands. Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn.

6. gr.

Háskólakennurum, kennurum og öðrum sérfræðingum í opinberri þjónustu er heimilt að inna vinnuskyldu sína, eða hluta hennar, af hendi með störfum innan stofnunarinnar að fengnu samþykki forstöðumanns.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar ráðgjafarnefnd til fimm ára í senn er vera skal forstöðumanni stofnunarinnar til faglegrar ráðgjafar. Í nefndinni skulu eiga sæti sex fulltrúar, einn skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar, tveir fulltrúar tilnefndir sameiginlega af Kennarasambandi Íslands og Hinu íslenska kennarafélagi og skal annar þeirra vera grunnskólakennari og hinn framhaldsskólakennari, einn samkvæmt tilnefningu Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Háskólans á Akureyri og einn samkvæmt tilnefningu Kennaraháskóla Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

8. gr.

Meta skal starf stofnunarinnar á þriggja ára fresti af þar til kvöddum sérfræðingum sem ráðgjafarnefnd og ráðherra kalla til.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessara laga.

10. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 69/1988, um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, og 65. gr. laga nr. 49/1991. Úr 68. gr. sömu laga falla brott orð-

in „skólum, skólastarfi“, svo og önnur lagaákvæði er fara kunna í bága við ákvæði laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

18. maí 1993 Nr. 77

LÖG

um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Lög þessi gilda um aðilaskipti eða samruna fyrirtækja, atvinnurekstrar eða hluta atvinnurekstrar á hinu Evrópska efnahagssvæði að svo miklu leyti sem atvinnureksturinn heyrir undir íslenska lögsögu.

Lög þessi gilda þó ekki þegar bú fyrirtækis er tekið til gjaldþrotaskipta.

Lög þessi gilda ekki um haffær skip.

2. gr.

Frá og með þeim degi, sem aðilaskipti verða í skilningi 1. mgr. 1. gr., skal nýr eigandi takast á hendur réttindi og skyldur fyrri eigenda samkvæmt ráðningarsamningi og virða þau launakjör og starfsskilyrði sem samþykkt hafa verið í almennum kjarasamningi með sömu skilmálum og giltu fyrir fyrri eiganda þar til samningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um rétt launþega til elli- og örorkulífeyris eða eftirlifendabóta þegar um er að ræða lífeyrissjóði fyrir eina eða fleiri starfsstéttir sem starfa samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð sem staðfest hefur verið af fjármálaráðuneytinu.

Ákvæði 2. mgr. getur þó aldrei leitt til skerðingar á áunnum réttindum úr þeim sjóðum sem þar um ræðir. Skiptir þá engu máli hvort starfsmaður starfar áfram við reksturinn eftir aðilaskipti eða ekki.

3. gr.

Aðilaskipti, sbr. 1. gr., geta ein sér ekki verið ástæða fyrir uppsögn starfsmanna af hálfu atvinnurekanda, hvorki fyrir né eftir aðilaskipti. Ákvæði þetta kemur þó ekki í veg